



Vestfjarðastofa

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Ísafirði 21. apríl 2023

Umsögn; Hvítbók um samgöngumál. Mál í Samráðsgátt S 66/2023

Heildarstefna

Almennt má segja að Hvítbók um samgönguáætlun til lengri tíma litið, fjalli um þau lykilviðfangsefni sem þurfa að vera til staðar til að ná fram markmiðum er varða samgöngumál á Vestfjörðum.

Í Hvítbók er aukin áhersla lögð á samgöngumál á höfuðborgarsvæði með verkefnum og umfjöllun. Gera verður kröfu að á sama hátt á sé fjallað um sértæka stöðu einstakra landshluta og viðfangsefni sem þar eru undir. Innviðamál á Vestfjörðum í þessu samhengi hafa verið á stefnuskrá margra ríkisstjórna sem forgangsmál enda innviðaskuld hæðst á landinu ef tekið er mið af aldri innviðakerfanna.

Sett hafa verið af stað átaksverkefni á Vestfjörðum í gegnum tíðina að hálfu stjórnvalda, sem voru sett til að leysa ákveðna þætti. Þessi verkefni leystu samt ekki þá flöskuhálsa sem eru enn til staðar í dag og hafa átaksverkefnin ekki þeim árangri sem til var ætlast. Núverandi stjórnvöld hafa tekið mál fastari tókum hvað varðar stofnvegakerfi, þar er tekið á uppsafnaðri þörf og eiginlega fortíðarvanda. En sem stundum áður þá hefur framþróun samfélag og atvinnulífs skapað nýja flöskuhálsa, dæmi hér um eru endurbætur á Vestfjarðavegi 60, sem skapa aukna umferð og auka þrýsting á aðrar framkvæmdir sem þar að svara í nýrri samgönguáætlun.

Hvítbók tilgreinir ekki einstök samgönguverkefni, en í umhverfismatsskýrslu eru tilgreind verkefni eftir svæðum. Í umfjöllun um er varða Vestfirði koma fram þeir stofnvegir og jarðgöng sem vestfirsk sveitarfélög hafa sett fram sem forgangsmál, er nánar vikið að þeim hér síðar í umsögninni. Eins eru tilgreind áriðandi viðhaldsverkefni á stofnvegum á Vestfjörðum sem þurfa að komast í framkvæmd til að mæta stóraukinni umferð og þungaflutningum.

Hinsvegar er í umhverfismatinu einungis nefnd framkvæmd við eina höfn en fleiri hafnir stefna á aukin umsvif tengd fiskeldi, ferðaþjónustu og iðnaði. Efling innanlandsflugs er ekki til umfjöllunar Hvítbók að undanskildu að áréttað er með mikilvægi Reykjavíkurflugavallar í samgöngukerfinu. Hér verður að vera meiri umfjöllun en þar eru orkuskipti og úrbætur í gervihnattaleiðsögn á vestanverðu landinu ákaflega brýn málefni. Einnig er ekki fjallað um um endurnýjun Breiðafjarðarferju nema sem óbein tilvísun í almenningsamgöngur og orkuskipti. Hér er eins gerð krafa um að þessi mál séu tekin til umfjöllunar í þingsályktun um samgönguáætlun.



Vöntun á yfirlit um nýframkvæmdir til ársins 2050.

Í umsögn Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu um Grænbók Samgönguáætlunar var óskað eftir að listuð verði upp þau 200 nýframkvæmdaverkefni sem Vegagerðin hefur tilgreint við undirbúning samgönguáætlunar og ættu að mati Vegagerðarinnar, koma til framkvæmda á næstu 25 árum. Nánar tiltekið segir í umsögn Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu.

Yfirlit um verkefni. Það myndi auðvelda stöðumat á Samgönguáætlun að lagður yrði fram listi yfir þau 200 nýframkvæmdaverkefni sem talið er að þurfi að fara í á næsta aldarfjórðungi og metin eru að muni kosta um 540 milljarða (bls 13). Þá kæmi betri mynd á hvaða viðfangsefni ráðuneytið hefur tekið til skoðunar fram til ársins 2050 og ræða markmið, áherslur og forgangs röðun verkefna.

Í skýrslu innviðaráðuneytis um samráð um Grænbók var þetta atriði tekið upp og lagt til að þessi listi verði birtur. Ekki er vitnað til þessa máls í Hvítbók eða vísað til hvar þennan lista megi finna. Þessi beiðni er því hér með áréttuð og listinn verði birtur í skýrslu um samráð um Hvítbók í Samgönguáætlun 2024-2034.

Vegaþjónusta og vetrarþjónusta, tillaga um átak.

Í þeim 13 atriðum sem Samgönguráð hefur gerir að tillögu að lykilviðfangsefnum, þá er eftir samráð við vinnslu Grænbókar, sett 6 atriði sem koma beint eða óbeint að viðfangsefnum er tengjast vegaðjónustu og vetrarþjónustu.

Beinar aðgerðir í samgönguáætlun eru hinsvegar færri og því vill Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband ítreka umsögn úr Grænbók að vegaðjónusta og vetrarþjónusta verði sett sem lykilviðfangsefni í samgönguáætlun.

Telja verður fullt tilefni til og auka verði jafnræði fyrir landsbyggðirnar að settur verði sérstakur starfshópur um málefnið líkt og brugðist var við með það ástand sem skapaðist á Reykjanesbraut í vetur. En skýrsla þess starfhóps um Reykjanesbraut er nú orðin að stefnuskjali fyrir samgönguáætlun.

Taka verður tillit til þess að rammi vetrarþjónustu byggir á stefnuskjali frá 2012. Á þeim tíma eru aðhaldsaðgerðir í rekstri ríkissjóðs vegna fjármálahruns enn í fullum gangi og eins var lögð í atvinnulífi. Hér skal fullyrt að þessi atriði eru undirliggjandi við gerð þessa rammaskjals og svarar ekki aðstæðum dagsins í dag.

Margsinnis hefur síðan komið fram að fjármagn til vetrarþjónustu er of naumt veitt og kemur það til viðbótar úreltum ramma vetrarþjónustu, en um 3,9 ma er veittir á ári en þurfa að vera hátt í 5 ma til að ná að uppfylla þær þarfir sem settar voru 2012.

Eins er fyrirkomulag fjárveitinga til vetrarþjónustu meingallað og getur ekki mætt sveiflum í veðurfari og eins eru fjárveitingar settar undir almenna hagræðingarkröfu fjárlaga hverju sinni. Fyrir vikið höktir vetrarþjónustan ef langvarandi óveðurskaflar ganga yfir, má einnig hér fullyrða að kostnaður samfélaga og atvinnulífs sé langtum meiri en áætlaður sparnaður í rekstri málaflokksins. Slíkt væri hægt að skoða nánar með vinnu sértæks starfshóps um vetrarþjónustu.



Hvað varðar Vestfirði sérstaklega þá er staðan sú að samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum eru að koma út úr langvarandi niðursveiflu en sækja nú mjög fram. Af viðhorfskönnunum Vestfjarðastofu (sjá viðauka) má ráða að nýjar atvinnugreinar og nýir íbúar geta á engan hátt samsamað sig né skilið fyrirkomulag vetrarþjónustu dagsins í dag. Í viðhorfskönnunum Vestfjarðastofu kemur fram að íbúar vegra sig við ferðalög um fjallvegi og þar eru konur í verulegum meirihluta. Hefur þessi þróun mála versnað frá könnun sem gerð var 2020..


Staða vetrarþjónustu er að mati Vestfjarðarstofu í raun bein hindrun í framþróun landshlutans.

Þau verkefni sem tilgreind eru í núverandi samgönguáætlun 2020-2033, ná langt með að taka á nýframkvæmdum á stofnuvegum. Hinsvegar eru engin jarðgöng á Vestfjörðum tilgreind í þeirri áætlun, en í Hvítbók samgönguáætlunar eru tilgreind jarðgöng sem sett eru í forgang í takt við forgangsröðun Jarðgangaáætlun Vestfjarða (sjá viðauka).

Jarðgöng á Vestfjörðum munu leysa af fjallvegi og vegi um ofanflóðahlíðar, sem byggðir voru til að þjóna samfélagsgerð og atvinnulífi eins það var fyrir 40 – 50 árum síðan. En segir hér að framan, hafa gjörbreyttar aðstæður og þarfir skapast með vexti í fiskeldi og ferðaþjónustu og afstöðu íbúa til ferðalaga um fjallvegi og ofanflóðahlíðar.

Þessi staða ætti að setja jarðgöng í forgang á önnur verkefni, en þó er ljóst að fleiri ár munu líða þar til úrbætur liggja fyrir. Í millitíðinni verður að mæta hinum nýju aðstæðum með aukinni þjónustu og viðhaldi á viðkomandi vegum og lengja þjónustutíma. Vakin er athygli á að fjallvegir á Vestfjörðum **eru með lægri snjólínu og meiri úrkomu** en flestir aðrir fjallvegir og því lokast þeir fyrir þegar þjónusta er hætt, en á öðrum atvinnusvæðum haldast vegir yfirleitt opnir mun lengur eftir að þjónustutíma líkur.

Hér er yfirlit um lokanir vega á Vestfjörðum 2018 - 2021, alls eru hér um **1.285 tilvik eða 430** tilvik á ári en ef horft er til fimm mánaða tímabils þá eru **86** tilvik í mánuði eða 3 á dag. Tilvikin eru fleiri því ekki voru skráð tilvik á Dynjandisheiði og Veidileysuhálsi fyrir en 2020 og voru þeir eiginlega lokaðir í þrjá til fjóra mánuði.



Hér er vakin athygli á áhrif þessara tilvika á flæði umferðar innna atvinnusvæða og þá flöskuhálsa sem myndast innan sama sveitarfélags eða innan atvinnusvæða. Óveður og flughálka (gögn frá 2020 og 2021) einkenna tilvik á sunnanverðum Vestfjörðum. Lokanir og óvissustig vegna ofanflóðahættu eru einkenni á Súðavíkurhlíð og Flateyrvægi einkenna norðanverða Vestfirði auk óveðurs á Gemlufallsheiði. Lokanir vegna óveðurs og stórhriðar á Steingrímsfjarðarheiði og Þróskuldum einkenna Strandir og Reykhólahrepp.

Í annan stað er hér yfirlit um þjónustutíma á fjallvegum á landinu þar sem þjónusta er alla daga (utan Fróðárheiðar en þar ekki þjónusta á laugardögum) og má einnig benda mun skertari þjónustutíma á Kletthálsi og Steingrímsfjarðarheiði miðað við aðra landshluta. Eins að hér er ekki mætt gjörbreyttum aðstæðum á atvinnusvæði á sunnanverðum Vestfjörðum og kallar á að sama þjónustutíma og veittur er á öðrum landssvæðum s.s. á norðanverðum Vestfjörðum og í Múlaþingi og Fjarðarbyggð.



Dálkur1	Dálkur2	Dálkur3	Dálkur4	Dálkur5	Dálkur6	Dálkur7	Dálkur8	Dálkur10	Dálkur11	Dálkur12	Dálkur13	Dálkur14	Dálkur15	Dálkur16	
7,5	6	5 Sunnanverðir Vestfirðir				60	3	10	17,5	11,5	17,5	50 Klettháls			
8	5,5	7 Strandir - Innjúp				61	3	11	19	12,5	18	125 Steingrímsfjarðarheiði			
9,5	7,5	4 Reykhólahreppur				60	3	8	17,5	9,5	17	75 Hjallaháls, Ódrjúgsháls			
10,5	8,5	3 Snæfellsnes				54	3	8	18,5	9,5	18	125 Fróðarheiði			
10,5	8	20 Múlalping - Þingeyjarsýslur				1	3	9	19,5	10,5	18,5	175 S-Háreksstaðarleið			
10,5	8	18 Vopnafjörður				85	3	9	19,5	10,5	18,5	50 Vopnafjarðarheiði			
11,5	12,5	2 Dalir				60	3	8	19,5	8,5	21	350 Brattabrekka			
11,5	9,5	3 Snæfellsnes				56	3	8	19,5	9,5	19	375 Vatnaleið			
11,5	9,5	4 Reykhólar - Dalir				60	3	8	19,5	9,5	19	250 Svínadalur			
11,5	9,5	4 Strandir - Reykhólarhr				61	3	8	19,5	9,5	19	175 Þróskuldar			
11,5	8	13 Þingeyjarsýslur - Múlalping				1	3	8	19,5	10,5	18,5	150 N-Háreksstaðarleið			
12	10,5	5 Sunnanverðir Vestfirðir				62	3	8	20	9,5	20	100 Kleifaheiði			
12	10	10 Skagafjörður				744	3	7,5	19,5	9	19	350 Þverárfjall			
12,5	11	5 Sunnanverðir Vestfirðir				63	3	7,5	20	9	20	275 Miklidalur / Hálfán (175 bílar)			
12,5	10,5	17 Þórshöfn-Raufarhöfn				85	3	7,5	20	9	19,5	50 Hólfaskarð			
12,5	10,5	18 Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjö)				85	3	7,5	20	8,5	19	50 Sandvíkurheiði			
12,75	10,5	6 Norðanverðir Vestfirðir				60	3	7,25	20	9	19,5	150 Gemlufallsheiði			
13,5	12,5	2 Borgarfjörður				1	2	8	21,5	8,5	21	850 Holtavörðuhéiði			
13,5	13	12 Eyjafjörður - Skagafjörður				1	2	8	21,5	8,5	21,5	800 Öxnadalshéiði			
15,5	14,5	20 Hérað - Seyðisfjörður				93	2	6,5	22	7	21,5	250 Fjarðarheiði			
15,5	14,5	21 Fjarðabyggð - Múlalping				1	2	6,5	22	7	21,5	925 Fagridalur			
Opið	Opið	Vinnusóknar-svæði													
virka daga	helgar					Veg nr	Þjónustufllc	Opið frá	Opið til	Helgar opnun	Helgar lokun	Fjöldi bíla	Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar)		

Ákall um sértæka úttekt á vetrarþjónustu er því enn og aftur ítrekuð og taka framkvæmd vetrarþjónustu til gagnerrar endurskoðunar og koma á jafnræði á milli landshluta og þá þannig að opnunartími á suðvestur hluta landsins verði sett sem fyrirmynd þ.e. opið

Samþætting áætlana.

Mikilvægt er að aukin áhersla er sett á samþættingu áætlana sem heyra undir samgöng- og sveitarstjórnarráðuneyti ekki síst nú þegar Landsskipulagsstefna heyrir nú undir ráðuneytið.. Tekið er undir að samþættin stefnuáætlana hefur þegar skilað árangri og ber að halda áfram á þessari braut en útvíkka umræðuna. Sama á við samspil Samgönguáætlunar og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og Sóknaráætlana landshluta.

Brýnt verður síðan að telja að fjalla um samspil Þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar og fyrirætlanir ISAVIA við Samgönguáætlun. Í raun má spyrja hvor áætlunin er hér leiðandi við mörkun samgöngustefnu? Mun geta samgöngukerfisins í landinu vera til staðar að taka við áætlaðri aukningu farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll ef áætlanir ganga eftir að 11 milljón farþegar ferðist um völinn 2030 og 14 milljón farþega fari um völinn 2024. Hvert er hlutfall þeirra sem ætlar ferðast um landið og hlutfall skiptifarþega. Eins hvernig spilast markmið



Samgönguáætlunar og fleiri áætlana um uppbyggingu annarra gátta inn til landsins s.s millilandaflugvelli á Egilsstöðum og Akureyri.

Innanlandsflug og flugleiðsögn.

Innanlandsflug á Íslandi þarf að taka fyrir sem sérstakt viðfangsefni. Ekki hefur náðst almennur skilningur fyrir því að innanlandsflug á Íslandi er ígildi hraðlestakerfa hjá öðrum þjóðum og er lykilþáttur að tryggja 3,5 tíma markmið fyrir íbúa alls landsins að sækja miðlæga þjónustu, frá norðan- og sunnanverðum Vestfjörðum og frá Árneshreppi.

Innanlandsflug hefur gefið eftir á síðustu árum og verið í neikvæðum spíral framboðs og eftirspurnar. Verkefnið Loftbrúin hefur reynst vel en gera þarf betur til að mæta þessa þróun og það er gert með því að stuðla að því að auka framboð og fjölga ferðum. Þar er líklega stærsta tækifærið á áætlunartíma samgönguáætlunar, falið í orkuskiptum í innanlandsflugi. Reikna má með lækkun kostnaðar gefi færi á auka framboð og nýrra tenging á milli landshluta. En þá kemur að því að viðhald áætlunarflugvalla hefur verið mjög ábótavant á síðustu árum og orkuskipti sem liður í loftlagsmálum, kalla á fjárfestingu á flugvöllum. Skoða þarf þá samhliða hvort núverandi áætlunarflugvellir og lendingarstaðir hafi annmarka til að þjóna framtíðarþróun innanlandsflugs. Nýtt flugvallarstæði sem þjónaði betur norðanverðum Vestfjörðum ætti að vera hér til skoðunar og úrbætur á Bíldudalsflugvelli til að þjóna sunnanverðum Vestfjörðum.

Setja þarf einnig sem aðgerð í Samgönguáætlun að hraða úrbótum flugleiðsögukerfi sem byggir gervihnattarleiðsögn. Kerfið nær í dag til austurhelmingi landsins en þarf að einnig að ná til vesturhluta landsins hið allra fyrsta. Hluti þess verkefnis er að koma upp jarðstöð (leiðréttingastöð) í samstarfi við stofnanir Evrópusambandsins og stjórnvöld á Grænlandi.

Jarðgangaáætlun Vestfjarða

Hvítbók Samgönguáætlunar tilgreinir þá jarðgangakosti sem sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lagt fram sem forgangsverkefni. Þessi verkefni voru kynnt innviðaráðherra og formanni samgöngunefndar Alþingis í janúar 2022 og eins voru drög áætlunarinnar kynnt í umsögn um Grænbók Samgönguáætlunar. (Hér er vísast tilviðauka með umsögn).

Með tilliti til að hér eru lykilframkvæmdir í samgöngukerfi Vestfjarða þá verður að áréttu þessar framkvæmdir verði settar í forgang á aðra jarðgangakosti. Meginmarkmið er að koma á hindrunarlausum samgöngum á innan atvinnusvæðanna á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum. Þar með verði leystir af fjallvegir og ofanflóðahlíðar sem eru með tíðustu lokanir á stofnvegakerfi landsins og stórbæta öryggi. Samhliða að byggja undir og festa varanlega í sessi þá jákvæðu byggðapróun sem nú er hafin á þessum svæðum eftir langvarandi neikvæða þróun.

- Jarðgöng milli í Súðavíkur og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng).
- Jarðgöng undir Mikladal og Hálfán í einni framkvæmd.
- Hafin vinna að uppfærslu jarðganga undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði, með breikkun leggsins undir Breiðadalsheiði.



Jarðgöng undir Klettháls voru ekki sett á forganglista að hálfu sveitarfélaga en þessi jarðgangakostur mun hinsvegar leysa af þann fjallveg sem hvað oftast ófær í dag á Vestfjörðum, vegna illviðra og ófærðar á stuttum kafla vegarins. Fyrirséð er aukin umferð um veginn þegar framkvæmdum um Dynjandisheiði verður lokið, en að óbreyttu mun sú framkvæmd þá nýttast mun verra en ella, ef óbreytt staða er með veg um Klettháls.

Bætt vetrarþjónusta gæti bætt ástandið en þjónustutími á Kletthálsi er einungis 7,5 tímar í stað 11 til 12 tíma á sambærilegum fjallvegum í landinu. En miðað við reynslu af öðrum jarðgangaf framkvæmdum á Vestfjörðum, í aukningu umferðar og nýjum tækifærum sem skapast í atvinnulífi þá er augljós að þörf fyrir veg á láglandi.

Samantekt

Í umsögn Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu um Grænbók samgönguáætlunar var gerð tillaga um að gera samgöngukerfi Vestfjarða sem lykilviðfangsefni. Sem samantekt þessara umsagnar er rétt að áréttta þessa tillögu og forsendur hennar

Lykilviðfangsefnið Vestfirðir. Samgöngukerfið á Vestfjörðum er langt á eftir í uppbyggingu miðað við aðra landshluta og virkni þess er ekki samkeppnishæf. Á sama tíma, eins og tilgreint er í Grænbók, þá er þjóðhagslegt mikilvægt að greiða fyrir þungaflutningum, til að mæta hinni hröðu uppbyggingu í fiskeldi á Vestfjörðum auk fleiri atvinnugreina. Hér er að verða til ein af meginstöðum í rekstri þjóðarbúsins og mikilvægi á flæði flutninga, vinnuafls og þjónustu er augljós. Það er alvarleg staða að núverandi samgöngukerfi á Vestfjörðum er nú dragbítur og skaðar þessa framþróun atvinnulífs og samfélaga í landshlutanum. Ljóst þarf einnig að vera að tryggt sé að ný lykilviðfangsefni dragi ekki úr fjármagni til að ljúka framkvæmdum á Vestfjörðum en samhliða verði ný lykilviðfangsefni einnig sett í framkvæmd á Vestfjörðum.

Eins segir í umsögn um Grænbók varðandi spurninguna *Hvernig getum við aukið skilning okkar á samgöngum? Gætum við bætt við eða breytt þeim ástandsmælikvörðum sem notast er við í dag?*

Staða samgangna á Vestfjörðum í stefnmörkun Alþingis og ráðherra á síðustu áratugum hefur verið að setja verkefni þess landshluta í forgang. Augljóst er í dag að þessu markmiði hefur ekki verið náð og uppbyggingu stofnvegakerfis mun ekki vera lokið á áætlunartímabilinu, þegar aðrir landshlutar hafa haft slíkt kerfi um áratugi. Einnig komið að stórum viðhaldsverkefnum á eldri hluta stofnvega á sama tíma sem þungaflutningar hafa stórukist dæmi hér um er vegur um Mikladal er því sem næst ónýtur.

Auka þarf skilning að þessi staða hefur og mun að óbreyttu halda samfélögum á Vestfjörðum haki aftar öðrum landshlutum í launaþróun og nýsköpun atvinnulífs. Í íbúakönnunum kemur fram mikil óánægja með framgang samgönguverkefna, sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum. Mælt er til að nýta félagshagfræðilegar greiningar á stöðu mála og í framhaldi setja á áætlun sem svara þörfum samfélaga og atvinnulífs með

tímasettum verkefnum og fjármagni. Þurfa það vera stofnvegaverkefni, viðhaldsverkefni og jarðgöng sem skapa heilsárstengingar innan atvinnusvæði og milli þjónustusvæða.

Auka þarf skilning á mikilvægi innanlandsflugs sem ígildi hraðlestrarkerfis fyrir landshluta utan suðvestur hluta landsins og framtíðarmöguleika þess.

Viðauki.

- Jarðgangaáætlun Vestfjarða (apríl 2021)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf
- Samfélagsgreining vegna jarðgangna á Vestfjörðum (desember 2021)
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/2022/jardgong-a-vestfjordum-lokaskjal-1.1.pdf>
- Kynningarfundur um Jarðgangaáætlun Vestfjarða og samfélagsgreining (janúar 2022).
[Jarðgöng á Vestfjörðum – kynningarfundur | Vestfjarðastofa \(vestfirdir.is\)](#)
- Greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum. KPMG (febrúar 2021) [210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf \(vestfirdir.is\)](#)
- Viðhorf Vestfirðinga til samgangna og fiskeldis. RHA (febrúar 2023)
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/vidhorfskonnun-samanburdur-2020-2022-um-fiskeldi-og-samgongur.pdf>
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 (endurkoðuð mars 2023)
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/soknaraetlun-vestfjarda-endurskodud-2023.pdf>
- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (apríl 2021)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/106310-vestfjardastofa_dmp_lowres.pdf
- Sviðsmyndagreiningin Krossgötur (mars 2019)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf